Blaðastærð	Pappírsstærð	Síðustærð	Bls. fjöldi
Breiðform (broadsheet) 60 g - 45 g	42 x 56 sm	39,8 x 53 sm	2 - 64

Út vil ek

Af fjallamennsku og útþrá hjálparsveitarmanna

Fjallamennska er nú á dögum mikilvægur hluti starfs margra björgunarsveita. Björgunarsveitirnar tengjast líka þróun fjallamennsku á Íslandi undanfarna áratugi örjúfanlegum böndum. Það á ekki síst við um Hjálparsveit skáta í Reykjavík.

Björgunarstörfin gefa hjálparsveitarmönnum sérstaka sýn á fjallamennsku og sérstakt viðhorf til veðurs. Eðli björgunarstarfsins er nefnilega svo að þegar aðrir leita skjóls þá halda björgunarmenn út í storminn til hjálpar. Fjallabjörgunarstörf í erfiðum vetrarveðrum eru ekki á færi annarra en þrautþjálfaðra fjallamanna. Þess háttar reynslu öðlast menn hins vegar ekki nema að þeir hafi orðið að standa á eigin fótum við erfiðar aðstæður. Þannig er ekki nóg að björgunarmenn stundi sína þjálfun undir handleiðslu sér vísari og reyndari manna. Menn verða að sækja sjálfir fram til að verða raunverulega að einhverjum notum. Þetta á við einstaklingana en ekki síður um sveitirnar sjálfar og tengist þannig einnig upphafi fjallamennsku sóðan tíma á Íslandi. Það var ekki fyrr en á áttunda áratugnum sem fjallamennska fór að ná einhverri fótfestu að ráði og spratt hún fyrst og fremst af því að björgunarmenn fundu hjá sér þörf til að færa sigrafingar sínar yfir í eitthvað annað og meira. Sú þekking sem svo safnaðist í fjallamennsku hér heima og erlendis hefur svo skilað sér margfalt til baka í starfi sveitanna.

Lítið mál fyrir Hjálparsveitar skáta í Reykjavík hafa verið í forystusveit íslenskra fjallamanna frá því í byrjun áttunda áratugarins. Sem dæmi má nefna að af sjö formönnum ÍSALP, íslenska alpaklúbbsins, frá stofnun hans árið 1978 þá eru fjórir úr HSSR. Hér á opnunni er stiklað á stóru í máli og myndum um nokkra af hlutu leiðöngrum sem meðlimir HSSR hafa tekið þátt í, frá fyrstu ferðum í Ölpana á áttunda áratugnum og alveg upp á topp Everestfjalls 23. maí 1997.

Hörður Magnússon

1974 - Alparnir

Hafjallaferðir félaga úr Hjálparsveit skáta í Reykjavík hófust í Ölpunum. Fyrsta ferðin var farin árið 1974. Allan áratuginn var haldið í hann árlega og jafnvel oftar. Bæði fóru hjálparsveitarmenn til að klífa hæstu fjöll en einnig á námskeið í fjalla- og skíðamennsku við erlenda fjallaskóla. Á þessum árum var farið á flest þekktustu fjöll Alpanna svo sem Mont Blanc, Monte Rosa, Grand Jourasses, Matterhorn og fleiri. Í þessum forðum HSSR-félaga og annarra var lagður grunnur að fjallamennskuþekkingunni, grunnur sem gjörbylti allri fjallamennsku á Íslandi. Alparnir hafa verið vinsæll áfangastaður björgunarsveitarmanna alla tíð síðan. Myndirnar eru teknar árið 1978 á hinu þekkta fjalli Matterhorn.

Örvar Aðalsteinsson og Ingvar Teitsson eru hér við sæluhús í hlíðum fjallsins og á hinni er Ingvar á tindinum.

1979: Denali 6.194 m

McKinleyfjall eða Denali eins og það hefur verið kallað undanfarin ár að hætti frumbyggja er oft kallað kaldasta fjall í heimi.

Það er tæplega 6.200 m en liggur það norðarlega að kuldinn er þar síst minni en á mikilu hærri fjöllum suður í Himalaya. Fyrsti íslenski leiðangurinn á Denali var farinn árið 1979. Leiðangursmenn voru þeir Arngrímur Blöndahl, Helgi Benediktsson, Sighvatur Blöndahl og Arnór Guðbjartsson, allir úr HSSR. Þetta voru fyrstu skref Íslendinga á hæfjöllum utan Evrópu og Afríku og var óspart fyllt á reynslubankann í ferðinni. Sighvatur sneri við vegna fótmeiðsla og Helgi og Arngrímur léku staðar numið í um 5.500 m hæð vegna aðkenningar af hæfjallaveiki. Arnór stóð á tindinum 21. júní og þar með á tindi hæsta fjalls sem Íslendingur hafði klifið fram að því. Fjallið hefur síðan verið fjötlsótt af íslenskum fjallamönnum enda þykir það heppilegur undirbúningur fyrir ferðir til Himalaya. Fjölmargir Íslendingar hafa náð tindi fjallsins.

Á myndinni er Arngrímur Blöndahl „bungkiyfjaður" með Denali í baksýn.

1984: Aconcagua 6.964 m

Árið 1984 héldu Pétur Ásbjörnsson og Hermann Valsson úr HSSR við fjórða mann á hæsta fjall Suður Ameríku. Þeir reyndu við hina svokölluðu pólsku leið norðan á Aconcagua en urðu að láta undan síga í 6.400 m hæð, fyrst og fremst vegna þess að þeir höfðu hakkað sig of greitt og ekki aðlagað sig hæðinni nægilega. Það krefst mikillar reynslu að ná réttri hæðaraðlögun og þegar hér var komið sögu var einfaldlega enn ekki nóg komið í reynslusarp leiðrinni. Hermann Valsson náði svo tindinum eftir venjulega leiðrinni nokkru síðar og var það mesta hæð sem Íslendingur hafði þá náð.

1997: Everest 8.848 m

Árið 1997 var komið að því að setja íslenskt hæðarmet sem seint yrði slegið. Það var að sigra Everestfjall í Nepal. Þetta var kannski markmið sem menn höfðu haft á bak við eyrað í dálum hjálfallaferðunum. Markmið sem ekki fór hátt en farðist alltaf nær með hverjum áfanganum. Svo kom að því að menn tóldu að nú væri lag að reyna. Og það hafðist í fyrstu tilraun. Þann 21. maí 1997 stóðu Björn Ólafsson og Hallgrímur Magnússon úr HSSR og félagi þeirra, Einar Stefánsson úr HSSK, á hæsta tindi jarðar.

1990: Pik Lenina 7.200 m
1992: Pik Kortsjenevskaja 7.105 m

Björn Ólafsson úr HSSR og félagi hans Einar Stefánsson fóru hvor ferðir til Pamirfjalla í Sovétríkjunum sálugu árin 1990 og 1992. Aðalmarkmið beggja ferðanna var að ná tindi fjallsins Pik Kommunisma sem er 7.495 metrar á hæð. Það takmark náðist í hvorugt skiptið en þeir félagar komust þó á tind tveggja mjög hárra fjalla: Pik Lenina sem er 7.200 m hátt árið 1990 og Pik Kortsjenevskaja sem er 7.105 m á hæð árið 1992. Þeir félagar áðmáttu í þessum leiðöngrum verulegri reynslu í klifri hæfjalla.

Myndin er af Birni í hlíðum Pik Kommunisma.

1989: Elbrus 5.652 m

Sumarið 1989 hélt Karl Ingólfsson úr HSSR log síðar formaður ÍSALP) ásamt Jóni Viðari Sigurðssyni til Sovétríkjanna og gengu þeir félagarnir þar á Elbrus, hæsta fjall Evrópu, fyrstir Íslendinga. Elbrus er í Kákasusfjallgarðinum og var á þessum árum næsta lítt sótt af vestrænum fjallamönnum. Veðrabrigði eru mjög ör á þessum slóðum og gerðu þeir félagar einar fjórar atrennur áður en tindinum var náð. Eina sinni urðu þeir frá að hverfa í 5.300 m hæð. Þótti heimamönnum búnaður þeirra félaga mikil fírn og buðu þeim sex til hvað sem er ef þeir væru til í að láta klifurbúnað sinn. Karl er hér á tindinum.

1995: Cho Oyu 8.201 m

Það hafði lengi verið draumur íslenskra fjallamanna að sigrast á fjalli sem náði yfir hina gullnu 8.000 metra. Þegar hér var komið sögu var loks talið að reynslan væri orðin nag og þrír hjálparsveitarmenn, þeir Björn Ólafsson og Hallgrímur Magnússon úr HSSR og Einar Stefánsson úr Hjálparsveitinni í Kópavogi ákváðu að láta slag standa. Þeir fóru á fjallið með breskum leiðangri, settu upp þrennar búðir norðan í fjallinu og náðu góðri aðlögun. Þeir klifu án þess að nota súrefni og náðu tindi fjallsins 2. október 1995. Þrátt fyrir að hér hafðu þeir náð hæsta en aðrir íslenskir fjallamenn var ekki hægt að láta staðar numið. Hæsta fjall heims, Everest blasti við af tindi Cho Oyu og reyndist þeim félögum freisting sem ekki var hægt að standast.

1985: Diran 7.285 m

Helgi Benediktsson úr HSSR og Snævarr Guðmundsson héldu til Pakistan árið 1985 með breskum leiðangri undir stjórn hins þekkta breska fjallamanns Doug Scott. Takmarkið var að sigra fjallið Diran, 7.285 m á hæð. Þrátt fyrir óvenjulegt veður, niðungangsþestir, jarðskjálfta, snjóflóð og ýmsa erfiðleika náðu Helgi tindi fjallsins. Það gerði hann með sexkötlutum alpastíl, þ.e. án þess að notast við burðarmenn eða skipulagða uppbyggingu búða á fjallinu. Hann sætti þar með Íslandsmet sem stóð í 10 ár.

Hér er Helgi Benediktsson með Diran í baksýn. Hann heldur á fána Skátaböðrannar en hún var í eigu HSSR í meira en 30 ár og átti ekki lítinn þátt í því að gera útivist að einu af vinsælustu áhugamálum Íslendinga.

Breiðformið er stærsta blað sem hægt er að prenta hjá Morgunblaðinu, þar sem síðustærðin er 39,8 sm á breidd og 53 sm á hæð. Ekki er hægt að láta síður ganga yfir kjöl, þegar prentað er í þessari stærð.